Fígúruverk

„Maðurinn í forgrunni“ að Kjarvalsstöðum

Myndlist


Aðalsteinn Ingólfsson

Við skipulagningu myndlistarsýninga, sem og í annars konar uppfræðslu- og menningarstarfsemi, gildir sú þumalfingursregla að því víðari forsendur, sem menn gefa sér, þeim mun rýmri tíma þurfa þeir til að vinna úr þeim.

Það er til dæmis tiltölulega auðgert að setja saman sýningar á verkum einstakra listamanna þar sem æviferill þeirra færir skipuleggjendum allar helstu forsendur upp í hendur.

Ætli menn hins vegar að búa til sýningar í kringum ákveðin stef, „þemu“ eða tímabil, verða þeir að gefa sér góðan tíma til að leggja niður fyrir sér markmið, leiðir og framsetningu.

Ef markmiðið er að setja saman sýningu um „Manninn í íslenskri myndlist, 1965–85“, þurfa menn að hafa gildar ástæður fyrir vali á akkúrat þessu stefi og tímabili. Val á listamönnunum þarf og að vera á hreinu frá byrjun.



Sverrir Ólafsson – Godiva, olía á stál, 1985.

Sömuleiðis verða aðstandendur að ákveða hversu fígúratíf myndverkin þurfa að vera til að fá inni á sýningunni, hvort þeir listamenn, sem meðhöndla manninn eða líkamsparta sem væru þeir óhlutbundin form, eigi þar heima eður ei.

Þegar kemur að framsetningu þarf að ákvarða hvort sýna eigi fram á tengsl við fortíðina, hvort leggja eigi áherslu á innbyrðis tengsl listamannanna eða sérkenni þeirra, og svo framvegis.

Ógöngur

En auðvitað er líka hægt að spara sér alla þá hugarorku, sem í þetta fer, með því að grípa nokkur nærtæk verk með margvíslega fígúratífu yfirbragði og láta síðan nagla og spotta ákvarða bæði upphengi og samhengi.


Þessa leið, eða ógöngur, virðast þeir hafa farið, staðarhaldarar að Kjarvalsstöðum, þegar þeir settu upp sýninguna „Maðurinn í forgrunni“ sem átti að vera tromp staðarins á Listahátíð.

Að minnsta kosti er ekki hægt að sjá heila brú í þessari sýningu, hvernig sem á hana er litið.

Er ekki að sjá að menn hafi lært neitt af þeim mistökum sem gerð voru við uppsetningu fyrri þemasýninga að Kjarvalsstöðum heldur hafi þeir drifið sig í að endurtaka þau öll og gott betur.

Í fyrsta lagi gera þeir ekki upp við sig hvernig þeir vilja túlka hugtakið „fígúratífur“ sem hefur í för með sér að inn á sýninguna rata alls konar myndverk á fölskum forsendum – eða alls engum.

Í framhaldi af því má geta þess að nær fjórðungur mynda á sýningunni er gerður utan þess tímabils sem hér um ræðir, það er 1965–85.



Helgi Þorgils – Hið eilífa ferðalag, olía, 1987.

En það sem skiptir hér meira máli er að í mörgum þeirra er „maðurinn“ langt frá því að vera „í forgrunni“ heldur er hann notaður til uppfyllingar eða eins og hvert annað afstrakt form og hefur þarafleiðandi lítil sem engin áhrif á endanlega merkingu verkanna.

Yfirsjónir

Í þeim flokki eru til dæmis bronsskúlptúrar Helga Gíslasonar, tréskúlptúr Sigrúnar Guðmundsdóttur, málverk Kristins G. Harðarsonar, myndir Ómars Skúlasonar, klippimyndir Sigurjóns Jóhannssonar og málverk Steingríms Eyfjörð.

Í annan stað virðist þekking aðstandenda á því tímabili, sem um ræðir, af svo skornum skammti að þeir láta sér sjást yfir marga listamenn sem eiga allt sitt undir fígúratífri tjáningu.

Hér verður maður tilfinnanlega var við fjarvist Einars Hákonarsonar sem teljast verður einn af lykilmönnum í fígúratífri list hin síðari ár.

Flogið hefur fyrir að Einar hafi ekki viljað taka þátt í sýningunni og hafi sá kvittur við rök að styðjast hefði verið kurteisi af sýningarnefnd að upplýsa sýningargesti um það.

Ekki skil ég heldur hvernig hægt er að búa til mynd af fígúratífri myndlist á Íslandi eftir 1960 án þess að geta um eða sýna hina dramatísku myndröð Jóhannesar Geirs af jarðarför á Króknum frá 1963 eða nýrri stórmyndir hans af vegavinnuverkamönnum.

Það er víst tómt mál að tala um mannamyndir Baltasars; hann er persona non grata á Kjarvalsstöðum, en hvað um málverk Margrétar Jónsdóttur, Grétars Reynissonar, Jóns Reykdal (sem hefðu tekið sig vel út í námunda við verk Eiríks Smith . . .), Erlu Þórarinsdóttur, já, jafnvel málverk Bjarna Þórarinssonar? Eða hausamyndir Páls Guðmundssonar frá Húsafelli?

. . . á hátindi ferils?

Á einhverju stigi málsins hefur sýningarnefnd síðan tekið þá ákvörðun að hafa með þá Kjarval, Scheving og Jóhann Briem vegna þess að „um miðjan 7. áratuginn voru þeir . . . á hátindi ferils síns sem fígúratífir listmálarar“, eins og segir í aðfaraorðum Gunnars B. Kvaran.

Nú vil ég leyfa mér að efast um að þessi fullyrðing eigi við rök að styðjast. Allténts ættu myndir þessara listamanna á sýningunni að styðja við hana – sem þær gera ekki – allra síst verk Kjarvals.

Hvaða tilgang hefur það svo að sýna í þessu samhengi myndir eftir Braga Ásgeirsson frá 1954 og 1958–59 eða skúlptúr Ólafar Pálsdóttur, Son, frá 1955?

Skyldi það vera til þess að tryggja sýningunni gott veður í stærsta dagblaði landsmanna?

Upphenging verka er svo alveg sérstakur kapítuli en þar virðist allt gert til að höggva á tengslin milli mynda, í stað þess að leyfa þeim að njóta sín í eðlilegu samhengi.

Ekki meir, ekki meir

Formáli í sýningarskrá hefur á sér yfirbragð skólaritgerðar þar sem mál- og hugsanavillur ganga ljósum logum. Er til dæmis hægt að tala um að listamenn „yfirgefi tjáningu“ til að taka upp annars konar listsköpun? Ég hélt að eina leiðin til að „yfirgefa tjáningu“ væri að hætta listsköpun eða hrökkva upp af.

Á grundvelli þessarar sýningar, svo og afstraktsýningarinnar í fyrra, verður að efast um að við núverandi aðstæður séu staðarhaldarar þess umkomnir að standa fyrir stórri úttekt á SÚM-hreyfingunni á næsta ári.

Látum Stein Steinarr hafa síðasta orðið að þessu sinni: „Ekki meir, ekki meir.“

-ai

AUKIN ÞJÓNUSTA
VISA
EUROCARD
Þú hringir – við birtum og auglýsingin verður færð á kortið.
Nú er hægt að hringja inn smáauglýsingar og ganga frá öllu í sama símtali.
DV
SÍMGREIÐSLUR
Hafið tilbúið:
Nafn – heimilisfang – síma – nafnnúmer – kortnúmer og gildistíma og að sjálfsögðu texta auglýsingarinnar.
DV
SMÁAUGLÝSINGADEILD ÞVERHOLTI 11
SÍMI 27022
EUROCARD
VISA